

BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA  
SVEITARFÉLAGA  
V-DEILD

---

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2023

2024-04-16

**TBG ehf.**

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.  
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

Til stjórnar og framkvæmdastjóra  
Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

2024-04-16

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu V-deildar Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í lok árs 2020 er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu deildarinnar í lok árs 2022.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A-, B- og V-deild. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir í samtryggingu í V-deild sjóðsins.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega

Notast er við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun dánartíðni til framtíðar. Gert er ráð fyrir að lífslíkur sjóðfélaga og réttthafa hafi árið 2016 farið eftir þeim lífslíkum sem notaðar voru við tryggingafræðilega athugun síðasta ár:

Lífslíkur sjóðfélaga : samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2014-2018

Lífslíkur réttthafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2014-2018

Eftir 2016 muni lífslíkur svo breytast í samræmi við reiknilíkan FÍT.

Örorkulíkur sjóðfélaga : Eftir reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2011-2016, með sérstakri aðlögun A- og V-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Er nú miðað við að örorkulíkur karla séu 65% af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða og kvenna 85% að meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða.

Reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun sjóðsins.

Áunnin réttindi í deildinni voru með breytingu á samþykktum skert um 10% og fór breyting réttinda fram miðað við áunninn rétt í febrúar 2023. Halli á áfallinni stöðu í lok árs 2022 reiknaðist 13,8% af skuldbindingum þó heildarstaða væri ekki neikvæð nema um 5,4%.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabila fram til loka 2023 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil vikmörk eigna og skuldbindingar að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum reiknast 154.332,3 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 153.628,0 milljónir.

Eignir að frádregnum skuldbindingum nema því 704,3 milljónum eða 0,5% af skuldbindingum.

Staða V-deildar sjóðsins er innan þeirra marka sem áskilin eru í l. 129/1997.

Eignir sjóðsins án verðmætis iðgjalda eru 68.807,1 milljónir og áfallnar skuldbindingar að meðtöldum hluta rekstrarkostnaðar 69.505,0 milljónir. Eignir að frádregnum áföllnum skuldbindingum reiknast því -697,9 milljónum eða -1,0% af skuldbindingum. Lög kveða ekki sérstaklega á um vikmörk áfallinna skuldbindinga og eigna.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiru áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



---

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

---

## BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA V- DEILD

---

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (Brú) var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga. Sjóðurinn fékk starfsleyfi í desember 1998.

Stofnsamningurinn fól sömuleiðis í sér kjarasamning milli hlutaðeigandi aðila þar sem samið var um skylduaðild starfsmanna í hlutaðeigandi stéttarfélögum. Fulltrúar stofnaðila eiga sæti í stjórn sjóðsins og allir sjóðfélagar eiga rétt á setu á aðalfundum lífeyrissjóðsins með málfrelsi og tillögurétt. Breytingar á samþykktum lífeyrissjóðsins varða skuldbindingar hans gagnvart öllum sjóðfélögum. Þar af leiðandi verða breytingar á samþykktum að hljóta samþykki stofnaðila sjóðsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, BSRB, BHM og KÍ. Á milli eftirtalinna aðila er í gildi kjarasamningur um skylduaðild hlutaðeigandi starfsmanna að Brú lífeyrissjóð.

Aðildarfélag BHM  
Aðildarfélag BSRB  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Kennarasamband Íslands

---

## RÉTTINDAÁKVÆÐI

---

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykkt sjóðsins sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í október 2023.

Sjóðfélagar í V-deild geta þeir starfsmenn sveitarfélaga, stofnana þeirra eða fyrirtækja svo og samlaga sveitarfélaga 16-70 ára orðið sem ráðnir eru samkvæmt kjarasamningi milli aðildarfélaga BSRB, Bandalags háskólamanna eða KÍ annars vegar og sveitarfélaga, stofnana þeirra, fyrirtækja eða samlaga sveitarfélaga hins vegar. Einnig eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga og stjórnendur stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélaga rétt til aðildar að V-deild. Þá geta og einstaklingar sem þess óska og ekki eiga ekki skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði fengið aðild að deildinni.

Iðgjald til öflunar lágmarkstryggingarverndar er nú 15,5% í V-deild.

Grunnréttindi sem deildin veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 67 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 50% eða meira, makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát sem greiðist að lágmarki í tvö ár eða meðan yngsta barn sem maki hefur á framfæri og sjóðfélagi framfærði áður er yngra en 18 ára. Barnalífeyrir greiðist vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris.

Lífeyrisréttindi ráðast af þeim iðgjöldum sem greidd eru og aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt. Frá 1. janúar 2023 hefur fæðingarár sjóðfélaga einnig áhrif á réttindaöflun, og fer réttindaöflun lækandi með hækkandi fæðingarár. Ræðst það af því að í þeim reiknilíkönnum sem notuð eru til að meta skuldbindingar er gert ráð fyrir að

meðalævi lengist eftir því sem fæðingarár hækkar. Iðgjöld til deildarinnar eru ekki breytileg, og geta lífeyrisréttindi tekið breytingum eftir afkomu deildarinnar.

Ofangreind samantekt um réttinda- og aðildarákvæði er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til samþykta.

---

## GÖGN

---

Úr tölvukerfum sjóðsins fengust upplýsingar um iðgjaldagreiðslur, val á leið og öflun lífeyrisréttinda hvers sjóðfélaga árin 1998 til 2023, miðað við verðlag í janúar 2024.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust einnig upplýsingar um aldur og kyn. Einnig fengust upplýsingar um lífeyrisþega hjá, fjárhæð og tegund lífeyris, og aldur og kyn lífeyrisþega.

Með því að fella úr skrá um áunnin réttindi látna og þá sjóðfélaga sem farnir eru að taka lífeyri fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega.

Við áætlun vegna framtíðar eru iðgjöld færð til verðlags janúar 2024 miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá meðaltali ársins 2023 til janúar 2024 og bætt við 1% álagi vegna ógreiddra iðgjalda.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabíla 2023 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2023 muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar, þó ekki eftir að almennum eftirlaunaaldri sjóðsins er náð. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Úr ársreikningum sjóðsins fengust upplýsingar um kostnað við rekstur deildarinnar síðastliðin þrjú ár og auk þess um eignastöðu deildarinnar og úr verðbréfafakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2023 í réttindakerfi hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur í desember 2023 bornar saman við lífeyrisgreiðslur ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga deildarinnar á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynð með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

---

## REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

---

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar.

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn er byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða. Ýmis nýmæli er að finna í athuguninni, um mat á lífslíkum er byggt eingöngu á reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar, lagt er mat á endurhæfingarlíkur með beinum hætti og loks er gert ráð fyrir mismunandi lífslíkum öryrkja og annarra. Mat á lífslíkum var byggt á reynslu 2010-2014 og mat á öroklíkum á reynslu 2011-2016.

Athuganir á niðurstöðum hins nýja reiknigrundvallar Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga fyrir einstaka lífeyrissjóði sýndu að til að aðlaga niðurstöður fyrir einstaka sjóði nægir almennt að aðlaga nýgengi örorku fyrir hvern sjóð, en lífslíkur og endurhæfingartíðni séu ekki ólík milli sjóða þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa örorku.

Um nýgengi örorku er miðað við 65% af meðaltals nýgengi örorku fyrir karla og 85% fyrir konur.

Árið 2020 setti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga svo fram líkan sem áætla áframhaldandi lækun aldursbundinnar dánartíðni. Líkanið er byggt á breytingum dánarlíkinda á hverju aldursári, árin 1999-2018, aðgreint fyrir karla og konur. Reiknað er út frá þeim dánarlíkum sem mældust áráabilið 2014-2018. Með auglýsingu í desember 2021 ákvað fjármálaráðuneyti að líkanið teldist hluti staðalforsendna við tryggingafræðilegar athuganir.

Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum.

Breyttar forsendur valda umtalsverðum breytingum á mati skuldbindinga. Í fylgiskjöllum er einnig sýnt mat skuldbindinga eftir sömu forsendum og á síðasta ári.

Lífeyrisréttindi eru eins og áður sagði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og er gert ráð fyrir að vextir verði 3,5% umfram hækkun vísitölnunnar.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður sem meðaltal kostnaðar árin 2021-2023, uppfært til verðlags í lok árs 2023 (gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2024) og ætlað fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyrisskuldbindingar. Rekstrarkostnaði er skipt milli áfallinna réttinda og framtíðar í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda.

Í framsetningu eigna og skuldbindinga í tryggingafræðilegri athugun eftir reglum um ársreikninga er mat á rekstrarkostnaði dregið frá eignum, í stað þess að vera talið með skuldbindingum.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir sbr. umfjöllun í kaflanum

um gögn hér að framan. Samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins. Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2023.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktá sjóðsins miðað við réttindi og greidd iðgjöld 2023.

Þegar verðmæti framtíðariðgjalda og skuldbindingar vegna þeirra eru reiknuð er miðað við óbreyttar iðgjaldagreiðslur núverandi sjóðfélaga til starfsloka frá því sem var á árinu 2023 á verðlagi janúar 2024. Þannig að ekki er gert ráð fyrir launahækkunum umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Lífeyrisaldur er settur í samræmi við ákvæði samþykktá um ellilífeyrisaldur fyrir þau réttindi sem um ræðir, eða aldur sjóðfélaga sé hann hærri.

Eignir sjóðsins sem bera fastar tekjur eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendu og skuldbindingar, þ.e. 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólumarkmið Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%.

Þau frávik sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi eru skráð sem endurmat eigna. Sérstök skýrsla var gerð um endurmat eignanna þar sem fram kemur endurmat einstakra verðbréfaflokka og eigna. Eignir V-deildar og A-deildar eru eitt eignasafn, og á V-deild tiltekna hlutdeild í eignum og er endurmati eignasafnsins skipt í hlutfalli við bókfærðar eignir deildanna.

Sérstök skýrsla var gerð um endurmat eigna deildarinnar.

## NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda. Upphæðir eru í milljónum

### V-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Tryggingafræðileg athugun 2023

Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	67.671,1		67.671,1
Endurmat	1.136,0		1.136,0
Núvirði iðgjalda		85.525,2	85.525,2
<b>Samtals eignir</b>	<b>68.807,1</b>	<b>85.525,2</b>	<b>154.332,3</b>

  

Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	58.425,4	69.965,9	128.391,3
Örorkulífeyrir	9.537,9	10.835,8	20.373,7
Makalífeyrir	692,7	839,0	1.531,7
Barnalífeyrir	178,2	844,8	1.023,0
Kostnaður	670,9	1.637,4	2.308,3
<b>Samtals skuldbindingar</b>	<b>69.505,0</b>	<b>84.122,9</b>	<b>153.628,0</b>
<b>Eignir umfram skuldbinding</b>	<b>-697,9</b>	<b>1.402,2</b>	<b>704,3</b>
<b>Hlutfall</b>	<b>-1,0%</b>	<b>1,7%</b>	<b>0,5%</b>

Staða deildarinnar batnar verulega frá síðasta ári en þá var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 5,4%, vegna halla á áfallinni stöðu sem var neikvæð um 13,8%.

Ávöxtun sjóðsins var góð á árinu 2023 þegar litið er til endurmetinna eigna, og umfram það sem miðað er við í tryggingafræðilegu mati. Með skerðingu áunninna réttinda um 10% hefur áunnin staða nú færst í -1,0%, Réttindakerfi sjóðsins er eftir breytingar samþykktu í ársbyrjun 2023 í jafnvægi þegar til framtíðar er litið og heildarstaða sjóðsins reiknast þannig í jafnvægi, 0,5% jákvæð.

Staða sjóðsins er innan marka sem sett eru í lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997.



---

## FYLGISKJÖL

---

1. Óvirkir sjóðfélagar, fjöldi og áunnin réttindi eftir aldri og kyni
2. Virkir sjóðfélagar, fjöldi, áunnin réttindi og iðgjöld eftir aldri og kyni
3. Lífeyrisþegar
4. Breytingar á stöðu sjóðfélaga 2023
5. Tryggingafræðileg staða 2023
- 6 Tryggingafræðileg staða 2023 reiknuð með staðalforsendum
7. Samanburður við niðurstöðu 2022 með áætlun um áhrif réttindabreytinga
8. Breyting áfallinnar skuldbindingar á árinu
9. Endurmat eigna